

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum félagsmálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Vinnueftirlits ríkisins árin 2001, 2002 og 2003? Úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?*

Vinnueftirliti ríkisins eru markaðar tekjur úr ríkissjóði á grundvelli fjárlaga fyrir hvert ár, sbr. einnig lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Stofnuninni er heimilt að nýta hluta af tekjunum til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs. Engum opinberum sjóðum er hins vegar til að dreifa á vegum félagsmálaráðuneytisins sem heimilt er að greiða úr til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Vinnueftirlits ríkisins.

Til upplýsinga má þó nefna að mikið þróunarstarf og stuðningur í þeim efnum fer fram innan Vinnueftirlits ríkisins og á vegum þess. Í töflunni má sjá kostnað Vinnueftirlitsins við rekstur rannsókna- og heilbrigðisdeildar en meginhlutverk hennar er að þróa nýjar aðferðir við eftirlit í samvinnu við gæðaráð stofnunarinnar, samræma vinnubrögð við eftirlitsstörf og samhæfa verkefni sem falla undir eftirlitsstörf á landsvísu. Auk þess eru tilgreindir styrkir frá öðrum en Rannís er stærsti einstaki styrktaraðilinn.

### **Rannsókn- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlits ríkisins.**

	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>
Kostnaður Vinnueftirlitsins	19.357.000	20.510.000	19.173.000
Styrkir frá Rannís o.fl.	300.000	3.300.000	5.340.000
Styrkir frá aðilum á vinnumarkaði		2.400.000	970.000
Styrkir frá erlendum aðilum.			185.000
<b>Samtals</b>	<b>19.657.000</b>	<b>26.210.000</b>	<b>25.668.000</b>